

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 50/2002**

**frá 31. maí 2002**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 32/2002 frá 19. apríl 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2491/2001 frá 19. desember 2001 um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 um lífræna framleiðslu landbúnaðarafurða og merkingar þar að lútandi á landbúnaðarafurðum og matvælum <sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2589/2001 frá 27. desember 2001 um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 94/92 um nákvæmar reglur um innflutning frá þriðju löndum sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91 <sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **32001 R 2491:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2491/2001 frá 19. desember 2001 (Stjtið. EB L 337, 20.12.2001, bls. 9),
- **32001 R 2589:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2589/2001 frá 27. desember 2001 (Stjtið. EB L 345, 29.12.2001, bls. 18).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 154, 13.6.2002, bls. 12 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 29, 13.6.2002, bls. 10.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 337, 20.12.2001, bls. 9.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 345, 29.12.2001, bls. 18.

2. gr.

Texti reglugerða (EB) nr. 2491/2001 og 2589/2001 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. júní 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. maí 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes      M. Brinkmann*

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.